

# Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.

Ársreikningur 2017

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.  
Hnjúkabyggð 33  
540 Blönduós

kt. 451176-0139

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnenda .....	2	Efnahagsreikningur .....	6
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3	Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	8

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál í A-Hún.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning byggðasamlagsins („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fórár árið 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við eru óháð félaginu í samræmi við síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar síðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri frásetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvárdanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur væfi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórni meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

I samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 2018.

KPMG ehf.

## Rekstrarreikningur árið 2017

	Skýr.	2017	Áætlun
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög aðildarsveitarfélaga .....		25.064.004	25.064.000
Aðrar tekjur .....		6.282.872	7.300.000
	3	<u>31.346.876</u>	<u>32.364.000</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	8.086.350	7.144.000
Annar rekstrarkostnaður .....		18.526.988	22.093.000
Afskriftir .....	7	3.070.116	2.900.000
		<u>29.683.454</u>	<u>32.137.000</u>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjálda .....</b>		<b>1.663.422</b>	<b>227.000</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....</b>	<b>5</b>	<b>32.465</b>	<b>( 60.000)</b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins .....</b>	<b>11</b>	<b><u>1.695.887</u></b>	<b><u>167.000</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Eignir:</b>			
Fasteignir .....	7	92.122.652	95.192.768
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	8	631.940	763.230
Fastafjármunir samtals		<u>92.754.592</u>	<u>95.955.998</u>
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....	9	2.003.244	380.456
Aðrar skammtimakröfur .....		0	1.595.233
Fyrirfræmgreïadur kostnaður .....		6.982.844	17.934.141
Höndbært fé .....	10	11.963.333	6.855.659
Veltufjármunir samtals		<u>20.949.421</u>	<u>26.765.489</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b>113.704.013</b>	<b>122.721.487</b>
<b>Eigið fé:</b>			
Eiginfjárreikningur .....	11	107.771.215	106.075.328
<b>Skammtimaskuldir:</b>			
Aðrar skammtimaskuldir .....		5.932.798	16.646.159
Skuldir samtals		<u>5.932.798</u>	<u>16.646.159</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>113.704.013</b>	<b>122.721.487</b>

## Sjóðstremisýfirlit árið 2017

	Skýr.	2017	Áætlun
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Rekstrarniðurstaða ársins .....	11	1.695.887	167.000
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárdreymí:			
Afskriftir .....	7	3.070.116	2.900.000
Niðurfærsla hlutabréfaeignar, breyting .....		131.290	0
Veltufé frá rekstri		4.897.293	3.067.000
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum .....	(	10.740.916)	0
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri	(	5.843.623)	3.067.000
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Fyrirframgreiðslur, breyting .....		10.951.297	0
Fjármögnunarhreyfingar		10.951.297	0
Hækjun á handbæru fé .....		5.107.674	3.067.000
Handbært fé í ársbyrjun .....		6.855.659	6.855.659
Handbært fé í árslok .....		11.963.333	9.922.659

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

### d. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími fasteigna er 40 ár.

### e. Eignarhlutir í öðrum félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutir í félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Framlög til ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

### f. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign byggðasamlagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### g. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### h. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymisfirliti.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2017	Áætlun
Framlög aðildarsveitarfélaga .....	25.064.004	25.064.000
Aðrar tekjur:		
Eignatekjur .....	5.231.905	6.200.000
Aðrar tekjur .....	1.050.967	1.100.000
	6.282.872	7.300.000
Rekstrartekjur samtals .....	31.346.876	32.364.000

## Skýringar, frh.:

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	Áætlun
Laun .....	6.424.181	5.802.000
Launatengd gjöld .....	1.497.772	1.342.000
Lífeyrisskuldbinding .....	164.397	0
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>8.086.350</u>	<u>7.144.000</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	1,3	

Laun stjórnar námu 363 þús. kr. á árinu 2017 en námu 256 þús. kr. á árinu 2016.

### 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur .....	87.543	30.000
Växtagjöld .....	( 55.078)	( 90.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	<u>32.465</u>	<u>( 60.000)</u>

### 6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka byggðasamlagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Fræmlög .....		25.064.004	25.064.004	25.064.000
Menningarmál .....	11.621.817	1.050.967	( 10.570.850)	( 9.624.000)
Atvinnumál .....	11.192.183	0	( 11.192.182)	( 12.804.000)
Fjármagnsliðir .....	55.078	87.543	32.465	( 60.000)
Málaflokkar samtals	<u>22.869.078</u>	<u>26.202.514</u>	<u>3.333.438</u>	<u>2.576.000</u>
Eignasjóður .....	6.869.456	5.231.905	( 1.637.551)	( 2.409.000)
Byggðasámlag samtals	<u>29.738.534</u>	<u>31.434.419</u>	<u>1.695.887</u>	<u>167.000</u>

### 7. Varanlegir rekstrarfjámunir

Varanlegir rekstrarfjámunir greinast þannig:

Fasteignir

Heildarverð 1.1.2017.....	186.764.780
Afskrifað áður.....	( 91.572.012)
Bókfært verð 1.1.2017.....	95.192.768
Afskrifað á árinu.....	( 3.070.116)
Bókfært verð 31.12.2017.....	<u>92.122.652</u>
Heildarverð 31.12.2017.....	186.764.780
Afskrifað samtals.....	( 94.642.128)
Bókfært verð 31.12.2017.....	<u>92.122.652</u>
Afskriftahlutföll.....	2,5%

### Vátryggingaverð

Fasteignamat húsa nam 168,8 millj. kr. og löða 14,2 millj. kr. f árslok 2017. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna 780,0 millj. kr. og vátryggingaverðmæti lausafjármuna 67,6 millj. kr.

## Skýringar, frh.:

### 8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Hkjarni ehf. ....	63,3%	1.900.000	1.900.000
Niðurfærsla hlutabréfaeignar .....			( 1.268.060)
Hlutabréfaeign samtals .....			631.940

### 9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	2.595.000
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	0
Niðurfærsla í árslok .....	2.595.000

### 10. Handbært fé

Handbært fé í árslok greinist þannig:

Tékkareikningur hjá Arion banka hf. ....	10.032.084
Minningarsjóður Péturs Sæmundssonar .....	1.931.249
Handbært fé samtals .....	11.963.333

### 11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárréikning:

Eigið fé 1.1.2017 .....	106.075.328
Rekstrarniðurstða ársins .....	1.695.887
Eigið fé 31.12.2017 .....	107.771.215

### 12. Tengdir aðilar

Aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins eru skilgreind sem tengdir aðilar, sem og aðal- og varamenn í samlagsstjórn auk æðstu stjórnenda. Makar þessara aðila og ótfjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Byggðasamligið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti byggðasamlagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ávkörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.




KPMG ehf.  
Borgarnsýri 1a  
550 Sauðárkrúkur

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang www.kpmg.is

Til eignaraðila Róta bs.

Sauðárkróki 13. júní 2018.



Efni: Skiptalok Róta bs og afskráning félagsins.

Á fundi Róta bs. þann 25. janúar 2017 ákváðu eignaraðilar byggðasamlagsins að slíta féluginu. Eignaraðilar eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbaer, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur, Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð.

Skipuð var skiptastjórn, þann 25. janúar 2017 í samræmi við 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Skiptastjórnina skipuðu: Valgarður Hilmarsson, formaður, Guðný Hrund Karlsdóttir, Bjarki E. Tryggvason, Steinunn María Sveinsdóttir og Bjarni Th. Bjarnason.

Skiptastjórn hefur nú lokið störfum og hafa allar eignir byggðasamlagsins verið innheimtar og allar skuldir greiddar. Í lok maí s.l. fór fram uppgjör við eignaraðila og félagsþjónustusvæðin, þá voru eftirfarandi fjárhæðir greiddar til aðila, nema Dalvíkurbyggðar sem þegar hafði gert upp sína skuld:

Húnaþing vestra, greiddar voru kr. 3.986.694

Félagsþjónusta A-Hún, greiddar voru kr. 4.767.983 sem greinist þannig:

Húnavatnshreppur, krafa	kr. 863.709
Blönduósbaer, krafa	kr. 2.127.853
Sveitarfélagið Skagaströnd, krafa	kr. 932.631
Skagabyggð, krafa	kr. 360.294
Félagsþjónusta A-Hún, skuld	kr. - 9.052.470

Sveitarfélagið Skagafjörður, greiddar voru kr. 26.819.573 sem greinist þannig:

Sveitarfélagið Skagafjörður, skuld	kr. - 27.333.303
Akrahreppur, krafa	kr. 513.730

Fjallabyggð, greiddar voru kr. 2.552.686

Dalvíkurbyggð, skuld sem þegar hefur verið greidd kr. - 845.881

Samtals voru því greiddar til sveitarfélaganna og félagsþjónustusvæðanna 37.281.055 kr. sem var bankainnstæða Róta bs. við lok skipta.

Til að leggja Rætur bs formlega niður þurfa allar sveitarstjórnir á svæðinu að undirrita og samþykkja að félagið verði lagt niður. Meðfylgjandi er dæmi um slíka samþykkt sem ég óska eftir að verði undirritað og samþykkt af sveitarstjórnum, að því loknu óska ég eftir að undirrituð samþykkt verði send til míni. Slíkar samþykktir frá öllum sveitarfélögunum þurfa að fylgja beiðni okkar til firmaskrár um að félagið verði afskráð.

Virðingarfyllst  
KPMG ehf

  
Kristján Jónasson

Dæmi um samþykkt sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn X samþykkti á fundi með öðrum eignaraðilum í Rótum bs. þann 27. janúar 2017 að slíta félaginu. Sama dag var skipuð skiptastjórn í Rótum bs. Skiptastjórn hefur nú lokið störfum og úthlutun hennar á eignum Róta bs. liggur fyrir.

Sveitarstjórn X samþykkir úthlutun skiptastjórnar og samþykkir að starfsemi Róta bs. verði hætt og félagið lagt niður og afmáð úr firmaskrá. Sveitarstjórn felur hér með KPMG ehf. að annast samskipti við firmaskrá við afskráningu félagsins.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn X þann dags.

Staður og dags.

Undirritað af sveitarstjórn eða sveitarstjóra fyrir hönd sveitarstjórnar.